

Erasmus+ Penpals (pennavina) verkefnið skólaárið 2024 – 2025

Snemma á haustönn barst okkur póstur frá félaginu Association Sileyad í bænum Viens í Suður-Frakklandi. Heimasíða félagsins er: <https://www.sileyad.com/>

Beiðni um að taka þátt í verkefni og sækja um styrk með þeim í flokkinn KA210, verkefni til eins árs þar sem nemendahópar skrifuðust á í nokkra mánuði og sæktu því næst hvorn annan heim. Félagið Association Sileyad er foreldrafélag og því gert ráð fyrir að nemendur ynnu að bréfaskriftum heima, með aðstoð foreldra, og að foreldrar tækju á móti franska hópnum hér og færu með sínum krökkum í heimsókn til Frakklands.

Öðruvísi verkefni en við höfðum unnið að áður. En spennandi. Alls hófu 13 krakkar í 9. og 10.bekk hér þátttöku og 13 krakkar á aldrinum 10 – 15 ára í Viens.

Hver þátttakandi sendi eitt bréf til síns pennavinar í hverjum mánuði og unnið var út frá ákveðnu þema í hverju bréfi. Markmiðið var að efla enskukunnáttu nemenda, og að þeir lærðu um menningu, náttúru og sögu á hvoru svæði. Hliðarafurð var samvinna barna og foreldra við bréfaskriftirnar. Krakkarnir skrifuðu bréfin samviskusamlega, en auðvitað voru þeir líka fljótir að tengjast sínum pennavinum á samfélagsmiðlum og samskiptin þar höfðu góð áhrif á að þjálfra færni í ensku.

Um áramót var ljóst að styrkur fengist til verkefnisins og því yrði móttaka hóps og ferð til Frakklands að veruleika. Það varð til þess að nokkrir af nemendum okkar hættu við þátttöku. En aðrir tóku við keflinu og verkefnið hélt áfram.

Í byrjun apríl sótti franski hópurinn okkur heim. Alls 13 krakkar og fjórir foreldrar. Foreldrar tóku virkan þátt bæði í dagskrá og í því að hýsa nemendur. Þar sem þetta var í vikunni fyrir fermingu nokkurra í hópnum þá er aðdáunarvert hve allir tóku virkan þátt, skiptu með sér verkum og gerðu þessa draumaferð frönsku krakkanna eins frábæra og hún svo sannarlega varð. Unnið var samkvæmt fyrirfram ákveðinni dagskrá sem fólst meðal annars í því að vera í skólanum hluta dagsins, sækja félagsmiðstöðina og íþróttamiðstöðina, auk þess að kynnast ýmsum áhugaverðum stöðum í Borgarnesi, á Vesturlandi og á Suðurlandi. Síðasta daginn héldu frönsku krakkarnir sirkussýningu fyrir hópinn í íþróttamiðstöðinni, en sirkuslistir eru og hafa verið um margra áratuga skeið, vinsæl íþrótt í Viens og krakkarnir æfa reglulega.

Skessuhorn birti grein um heimsóknina: <https://skessuhorn.is/2025/04/12/franskir-pennavinir-i-heimsokn-i-borgarnesi>



Nemendahópurinn saman í Einkunnum. (Ljósmynd: Skessuhorn).



Foreldrahópurinn sem kom að skipulagningu og framkvæmd verkefnisins. (Ljósmynd: Skessuhorn).



Frönsku krakkarnir voru með sirkussýningu fyrir íslenska hópinn og fleiri boðsgesti í Íþróttamiðstöðinni. Það er mikil hefð fyrir því að æfa sirkuslistir í Viens og nágrenni. Sumir í hópnum voru af þriðju kynslóð sirkuslistamanna. (Ljósmynd: Skessuhorn).

Í lok júní sóttu nemendur okkar Viens heim. Alls 11 krakkar og fimm foreldrar. Ferðin tókst vel, flogið var til Parísar og gist eina nótt. Morguninn eftir voru aðilar úr verkefninu mættir og fylgdu hópnum í lestinni til Viens. Alla vikuna var unnið eftir þéttskipaðri dagskrá. Það var mikil áskorun að gista á framandi heimilum, þar sem öll samskipti eru á ensku, en með góðu samstarfi gekk þetta upp. Það var hitabylgja á svæðinu sem gerði hópnum heldur erfiðara fyrir, auk þess sem dagskráin var mjög löng alla daga. En krakkarnir stóðu sig vel. Það sem situr eftir er að hafa kynnst nýrri menningu, nýjum siðum, allt öðruvísi umhverfi og skemmtilegum hópi.

Báðir hópar unnu myndband um sín verkefni, þar sem þeir tengdu þema verkefnisins við heimsóknir til hvors lands.















